



13. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.  
Hótel Hamar, 12. mars 2010 kl. 13:30.

GUÐBRANDUR BRYNJÚLFSSON, FORMAÐUR STJÓRNAR, SETTI FUNDINN OG BAUÐ FUNDARMENN VELKOMNA. HANN GERÐI TILLÖGU UM JÓN PÁLMA PÁLSSON SEM FUNDARSTJÓRA, OG HREFNU B. JÓNSDÓTTIR FUNDARRITARA.

DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. SKÝRSLA STJÓRNAR
2. ÁRSREIKNINGAR FÉLAGSINS
3. ÁKVÖRÐUN UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNARMANNA
4. ÁKVÖRÐUN UM HVERNIG FARA Á MEÐ HAGNAÐ EÐA TAP FÉLAGSINS Á REIKNINGSÁRINU.
5. KOSNING STJÓRNAR.
6. KOSNING LÖGGILTS ENDURSKOÐANDA OG SKOÐUNARMANNS.
7. LAGABREYTINGAR
8. ÖNNUR MÁL SEM HAFA VERIÐ LÖGLEGA FRAM BORIN EÐA FUNDURINN SAMÞYKKIR AÐ TAKA TIL MEÐFERÐAR.

Í upphafi kannaði fundarstjóri lögmæti fundarins og var hann lögmætur.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru: Þorvaldur Vestmann og Páll Brynjarsson.

### 1. Skýrsla stjórnar.

Formaður las skýrslu stjórnar. Hann sagði m.a. að 6 stjórnarfundir hefðu verið haldnir á árinu. Hann sagði í upphafi frá 10 ára afmæli Sorpurðunar Vesturlands hf. en í desember sl. voru liðin 10 ár frá því þáverandi umhverfiráðherra, Siv Friðleifsdóttir, opnaði urðunarstaðinn með formlegum hætti. Hann reifaði breytingar sem urðu á Vesturlandi í kjölfar þess að urðunarstaðurinn var opnaður en hann leysti marga litla urðunarstaði af hólmi og um leið var tryggt að förgun úrgangs væri skv. gildandi lögum og reglum.

Formaður fór yfir rekstur urðunarstaðarins en nú hefur félagið rekið urðunarstaðinn sjálf í tvö ár. Nú standa yfir framkvæmdir við fjórðu urðunarreinina en hún er stærri en hinar þrjár eldri til samans og mun geta tekið við um 280 þús. m<sup>3</sup> af sorpi.

Hann nefndi m.a. verkefni sveitarfélaganna um hagsmunagæslu úrgangsmálum og aukin áhrif sveitarfélaga við stefnumótun í málaflokknum en í því verkefni takar nær öll

2. sveitarfélög á landinu þátt í. Aðild að Fenúr, félagi um endurnýtingu og úrgang. Vinnulok við endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og samkomulag sorpsamlaganna um framkvæmd áætlunarinnar. Á grundvelli þess var í árslok skipuð sérstök stjórn sem ber ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu verkefna skv. samningnum. Hann fór yfir sértæk verkefni sem eru í gangi innan samráðsnefndarinnar sbr. samræmda tunnunotkun, eyðingu á sláturúrgangi, gasmál, kynningarmál og landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og samskipti við atvinnulífið. Mikilvægi þess að halda sveitarstjórnnum vel upplýstum um störf samráðsnefndarinnar. Ábyrgðargjald fór hann sérstaklega yfir en lög um meðhöndlun úrgangs kveða á um 30 ára ábyrgð á urðunarstöðum eftir að urðun er hætt. Í kjölfar aukinna krafa um urðunarstaði sem tóku gildi 16. júlí 2009 eru farnar af stað rannsóknir í Fíflholtum á hauggasi sem myndast í urðunarreinum en gassöfnun og rannsóknir vegna gassins skapar talsverðan kostnað við rekstur urðunarstaða.

Að lokum þakkaði Guðbrandur sveitarstjórnnum, sorpverktökum, samstarfsfólki sínu í stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmönnum urðunarstaðarins fyrir gott og gefandi samstarf á liðnu starfsári.

## **2. Ársreikningar félagsins.**

Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri skýrði ársreikninga félagsins.

Niðurstaða rekstrarreiknings er rekstrarafgangur kr. 7.825.769. Heildartekjur ársins 2009 voru 48.5 millj.kr. Rekstrargjöld 37,1 millj.kr. þar af afskriftir 8.3 millj. kr.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði voru því 11.357.948 kr.

Heildareignir eru tæpar 91 millj. Skuldir 39,2 millj.kr. Eigið fé 51,8 millj. kr.

Framkvæmdastjóri fór gerði grein fyrir skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2009 sem er aðgengileg á heimasíðu SSV/Sorpurðunar og Umhverfisstofnunar.

Fundarstjóri bar upp reikningana og skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins og voru þeir samþykktir samhljóða.

## **3. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.**

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Greiðslur fyrir fund miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 31.500 aðrir 3% kr. 15.750. Greiðslur fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum RSK. Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.**

Fundarstjóri bar upp tillögu um 6% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2009 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### **5. Kosning stjórnar**

Þorvaldur Vestmann flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Arnheiður Hjörleifsdóttir.

Guðbrandur Brynjúlfsson

Kristinn Jónasson

Sigríður Gróa Kristjánsdóttir

Sæmundur Víglundsson

Bergur Þorgeirsson.

Sigríður Finsen.

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

#### **6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.**

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

#### **7. Lagabreytingar.**

Engar.

#### **8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.**

Engin.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 14:25.

Fundarritari, Hrefna B. Jónsdóttir